

Vinum fyrir öll tryggingafélögin  
Útvegum bifreið meðan á viðgerð stendur

## Bílaréttingar & sprautun Sævars

Skútvogi 12h - 104 Rvík - Sími 568-9620 - Netfang: bilaretting@bilaretting.is - www.bilaretting.is



BÍLARÉTTING  
& SPRAUTUN  
SÆVARIS

7. MARS 2015 • 9. tölublað 6. árgangur

# REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ



Mikið Línu langsocks stuð var í Bókasafni Seltjarnarness á dögunum. Þar var lesið úr Línubók, fönðrað og fleira og allir komu með eða í einhverju sem minnti á hina úrræðagóðu og sterku stelpu. Lína langsockur er mikið í tisku hjá yngri kynslóðinni um þessar mundir, en leikrit um hana hefur verið á fjöllum Borgarleikhússins í vetur og notið mikilla vinsælda. Mynd: Bókasafn Seltjarnarness.

Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði um skattalega hagræðingu:

## „Vart efni til fordæmingar“

Hafnarfjarðarbær segir að lög séu skýr um hvernig bærinn og aðrir hluthafar í HS veitum geti notið arðs úr fyrirtækinu „og hvernig þeir mega aftur taka til sín frá félaginu, þau framlög sem til þess hafa verið lögð. Sé þeim lagafyrirmælum fylgt eru vart efni til fordæmingar á framgangi hluthafanna“. Þetta kemur fram í svari bæjarins við fyrirspurn blaðsins um hvort eðlilegt sé að

opinberir aðilar, líkt og Hafnarfjarðarbær og Reykjanesbær, taki fé út úr fyrirtæki, án þess að greiddir séu skattar.

Reykjavík vikublað hefur fjallað um þá aðgerð eigenda HS veitna, sem er grunnþjónustufyrirtæki á Suðurnesjum, að láta félagið greiða sér tvo milljarða króna út úr félaginu, án þess að greiða af því skatta. Þetta er gert með því að lækka hlutfé félagsins sem þessu nemur. Allir hlut-

hafar hafa fallist á gjörninginn og munu eignarhlutföll halda sér eftir lækkun hlutfjárins. Yrði féð greitt út sem arður má ætla að um 400 milljónir króna af þessu fé myndu renna til ríkissjóðs, ef marka má ummæli forstjóra HS veitna hér í blaðinu.

Ýmisir sem blaðið hefur rætt við spyrja sig spurninga um þennan gjörning, þar á meðal alþingismenn.

Sjá bls. 10-11.

## Feminismi Gegn Fasisma!

8. Mars  
lðnó 15:00-17:00



ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA 2015

MARKMIÐ  
VERKTAKAR

### ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD

Smíðavinna · Pípuþagnir · Raflagnir · Málningavinna  
Múrviðgerðir · Flísalagnir · Hellulagnir · Jarðvinna  
Lóðavinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.  
Uppl. í síma: 820 8888

**TAXFREE\*** Á ÖLLUM STÓLUM OG SÓFUM FRÁ  
**LA Z BOY®**

\*TAXFREE TILBOÐIÐ GILDIR BARA Á LA-Z-BOY STÓLUM OG LA-Z-BOY SÓFUM OG JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



AÐEINS  
KRÓNUR  
**72.573**

FULLT VERÐ:  
89.990



AÐEINS  
KRÓNUR  
**137.089**

FULLT VERÐ:  
169.990

LA Z BOY  
GLÆSILEGUR  
**300 FM**  
SÝNINGARSALUR Í  
HÚSGAGNAHÖLLINI  
REYKJAVÍK



AÐEINS  
KRÓNUR  
**145.153**

FULLT VERÐ:  
179.990

LYFTI-  
STÓLL



2JA SÆTA  
AÐEINS  
KRÓNUR  
**169.347**

FULLT VERÐ:  
209.990

3JA SÆTA  
AÐEINS  
KRÓNUR  
**241.927**

FULLT VERÐ:  
299.990

RIALTO sjónvarpssofi.  
Dökk- og ljósgrátt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 3ja sæta B:205 D:90 H:105 cm.  
2ja sæta B:152 D:90 H:105 cm

HÚSGAGNAHÖLLIN  
REYKJAVÍK | AKUREYRI

Nýr sýningarsalur á Eiðistorgi:

## Systur sýna í Gallerí Gróttu

Reykjalssysturnar Hlín og Höddu Fjóla ætla í fyrsta sinn að leiða saman hesta sína á Hönnunarmars í ár. Þær verða í Gallerí Gróttu, sem er nýr sýningarsalur á Eiðistorgi. Hlín er kunn fyrir skargripalínu sína og Hadda Fjóla hefur stundað myndlist í Svíþjóð um nokkurt skeið. Á sýningunni ætla þær að skoða hvernig hugmyndir þeirra mætast og mótast í samspili ólíkra miðla. Sýningin verður opnuð á fimmtudaginn klukkan fimm, en



Þær Hlín og Hadda Fjóla verða með leiðsögn um sýninguna á föstudag.

## Ólöglegur hnappur

Ábendingahnappur á vefsíðu Tryggingastofnunar stenst ekki lög. Þetta kemur fram í úrskurði Persónuverndar, en Öryrkjarbandalagið vekur athygli á málinu í fréttatilkynningu.

Þann 25. febrúar síðastliðinn kvað Persónuvernd upp úrskurð í máli einstaklings sem kvartaði til stofnunarinnar yfir hnappi á heimasíðu Tryggingastofnunar fyrir ábendingar um misferli. Sá sem kvartaði naut aðstoðar lögfræðings Öryrkjabandalags Íslands í málinu. Niðurstaðan varð sú að ekki aðeins ætti manneskja rétt á því að vita um vinnslu persónuupplýsinga um sig, heldur einnig hvaða upplýsingarnar kæmu.

Í ljósi þess að hægt var að senda inn ábendingar án þess að gefa upp nafn né netfang sendanda kæmi það í veg fyrir að hinn skráði gæti notið réttinda sinna. Þegar af þeirri ástæðu færi vinnsla Tryggingastofnunar í bága við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Einnig bæri Tryggingastofnun að láta af móttöku slíkra ábendinga, segir í tilkynningu Öryrkjabandalagsins. Tryggingastofnun ríkisins hefur nú þegar orðið við úrskurðinum og tekið ábendingarhnappinn út af heimasíðu sinni.

## Hundruð milljóna í malbik

Borgarráð hefur samþykkt að auka framlög til malbikunar í borginni í ár. Samkvæmt samþykkt borgarinnar á að verja hátt í 700 milljónum króna í malbiksframkvæmdir sem er kvartmilljarði meira en í fyrra. Áætlað var að framlag til malbikunar yrði ríflega 100 milljónum krónum meira en í fyrra samkvæmt áætlun og svo lagði um-

hverfis- og skipulagsráð til á dögunum að framlagið yrði enn aukin um 150 milljónir króna. Það framlag á að mæta brynni þörf sem „kemur í ljós nú þegar gatnakerfið kemur undan vetri“ segir í samþykkt ráðsins.

Borgarráð samþykkti við sama tækifæri að verja 40 milljónum í hjólastíg milli Laugavegar og Miklubrautar.

## Flestir á móti flutningi

Fimmtán umsagnir hafa borist við frumvarp forsætisráðherra um breytingar á Stjórnarráðinu, en samkvæmt því ákveður ráðherra hvar stofnanir eru settar niður. Frumvarpið kom fram í kjölfar þess að sjávarútvegsráðherra tilkynnti að Fiskistofa yrði flutt norður yfir heiðar. Þær yfirlýsingar voru strax gagnrýndar, enda

gæti flutningurinn haft ýmis neikvæð áhrif, ekki einungis á starfsemi stofnunarinnar, heldur einnig hagi starfsmanna og fjölskyldna þeirra, sem og Hafnarfjarðarbæjar. Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa talað einum rómi í málinu og leggjast alfarið gegn þessum flutningum. Þeirra á meðal eru helstu samtök launafólks í landinu.

Flutningakapall í Háskóla Íslands:

## Stofnanir á ferð og flugi

Unnið er að því að búa til nýja tölvusal fyrir Reiknistofnun Háskóla Íslands, en stofnunin flytur senn úr húsnæði Íslenskrar erfðagreiningar við Sturlugötu og í húsnæði í eigu Háskólans við Neshaga. Þessir flutningar hafa í för með sér mikinn kapal flutninga annarra stofnana háskólans, og hafa dómínóahrif úr vesturbæ og alla leið upp í Borgartún.

Á milli 35-40 starfsmenn eru hjá Reiknistofnun. Töluverðar framkvæmdir fylgja gerð tölvusalarins og nauðsynlegum lögnum. „Kostnaður vegna nýs tölvusalar hleypur á tugum milljóna,“ segir Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri fjármála og reksturs hjá Háskóla Íslands. Hann segir að húsnæðið á Neshaga 16, sem er í eigu skólans, „smellpassi“ fyrir Reiknistofnun. „Reiknistofnun getur ekki verið hvar sem er. Það má enginn dauður tími verða í kerfinu. Það þarf allt að vera í lagi þegar kemur að raforku, kælingu eða slíku. Þannig að það eru gerðar ákveðnar kröfur til staðsetningar og húsnæðis,“ segir Guðmundur.

## „Grásíða“ á faraldsfæti

Í húsinu hafa háskólastofnanir sem nú tilheyra Árnastofnun haft aðstöðu um áratuga skeið. Þær munu nú flytja í húsnæði til bráðabirgða, meðan beðið er eftir húsi Íslenskra fræði.

Orðabók háskólans hefur lengi verið



Seðlasafn Orðabókar Háskólans er mikið að vöxtum. Seðlarnir í kössunum munu vera vel á þriðju milljón. Nú stendur til að flytja þetta af Neshaga og upp á Laugaveg, en Reiknistofnun tekur húsnæðið yfir.

á Neshaga 16, og þar er nú einnig málræktarsvið Árnastofnunar og Örnefnastofnunar. Orðabókin geymir „Grásíðu“ seðlasafn ritmálsorðabókarinnar. Hún geymir 2,5 milljónir dæma um notkun um 700 þúsund íslenskra orða, á seðlum þar sem dæmin hafa verið skrifuð niður í áratuganna rás. Hluti seðlanna hefur verið skannaður og hluti dæmanna jafnframt sleginn inn. Grásíða sjálf er stór grár skápur úr stáli þar sem seðlarnir með orðadæmunum hafa verið geymdir. Hún vegur mörg tonn ásamt seðlum og tekur all

nokkuð pláss. Ætla má að þeir flutningar geti orðið vandasamir.

## Hringnum lokað

Þessi starfsemi á að flytja á Laugarveg 13, þar sem Rannís hefur verið með starfsemi að hluta. Sú starfsemi fer aftur í Borgartún.

En á Sturlugötuna, í hús Erfðagreiningar, segir Guðmundur R. Jónsson, eiga að fara lífvísindagreinar Háskólans, enda þyki fara betur á því að þær séu þar með skyldri starfsemi, en tölvufólk og græjur fari annað.


Fjárhagsaðstoð borgarinnar:

## Fleiri barnafjölskyldur fá hjálp

Hátt í níu hundruð barnafjölskyldur í Reykjavík hafa fengið sérstaka fjárhagsaðstoð undanfarið ár. Þeim hefur fjölgað mjög mikið frá árinu 2008, líkt og sjá má á meðfylgjandi súluriti.

Fjallað er um þetta í nýju yfirliti Reykjavíkurborgar um þjónustu velferðarsviðs borgarinnar við börn.

Dekksta súlan sýnir fjölda barnafjölskyldna sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu. Miðsúlan sýnir fjölda þeirra sem fengu að auki aðstoð vegna meðferðar- eða annars konars stuðnings, til dæmis við daggæslu,



leikskóla eða skólamáltíða. Ríflega 14 þúsund króna þak er á þeirri aðstoð og hún er tímabundin samkvæmt reglum borgarinnar. Ljósasta súlan á við sams konar aðstoð en sem er veitt

með öðrum formerkjum. Ekkert þak er á upphæð aðstoðarinnar en í henni er fólgið skilyrði um félagslega ráðgjöf og hún er endurskoðuð á þriggja mánaða fresti.

Foreldrar hafa oft gert athugasemdir við bensinstöð:

## Margra ára baráttu

Árum saman hafa foreldrar barna í Ingunnarskóla gert athugasemdir við nálægð stöðvarinnar við fjölmennan barnaskóla,“ segir í bréfi frá skólaráði Ingunnarskóla sem sent var heilbrigðisfulltrúa og sviðsstjóra á umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar, vorið 2013. Blaðið fjallaði í síðustu viku um miklar umræður íbúa í Grafarholti, en þeim finnst óeðlilegt að bensinstöð sé upp við skólalóð og frístundaheimili skólans.

Fram kemur í bréfi skólaráðsins foreldrar hafi beitt sér gegn bensinstöðinni að minnsta kosti frá árinu 2007, þegar undirskriftarlista gegn stöðinni var sent skólaráðinu, menntasviði borgarinnar og framkvæmdasviði.



Bensinstöðin. Húsnæði skólans til hægri og frístundaheimilið Fókus á vinstri hönd.

Mynd: Júlíus Helgi Eyjólfsson.

Bensinstöðin var reist árið 2005. Þá var skólinn kominn. Stöðin liggur alveg upp við skólalóðina. Er örfáa metra frá færanlegri skólafötu og rétt við inngang frístundaheimilis.

Skóla- og frístundaráð borgarinnar

óskaði haustið 2012 eftir lögfræðilegu áliti um hvort það samrýmdist „reglum ríkis og borgar um bensinstöðvar, t.d. reglum Brunamálastofnunar ríkisins um brunavarnir bensinstöðva. Einnig segir að bensinstöðvar beri að skipulagja þannig að ekki skapist óþarfa umferð um afgreiðsluvæði þeirra en töluverð umferð skólabarna er um stöðina vegna nálægðar við skóla- og frístundastarf,“ segir í bréfinu.

Ekki hafa fengist upplýsingar um hvort bréfi þessu hafi verið svarað eða hvað varð um lögfræðilítið. En bensinstöðin er þarna enn, eins og sjá má á myndinni. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins hefur ýtt á eftir svörum um málið í borgarkerfinu.

Þessi gamli góði!

Spænskúvatnaðar  
**SALTFISKSTEIKUR**  
tilbúnar á pönnuna


Vakúmpakkað - Engin aukaefni - 2gja ára geymsluþol  
Engin íshúð - 100% fiskur

Ektafiskur, Hauganesi  
Sími 466 1016  
elvar@ektafiskur.is  
www.ektafiskur.is

Fylgstu með okkur á Facebook

EKTA  
Fiskur  
Sérfræmingar í saltfiski síðan 1940

Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland



3 fyrir 2  
af öllum  
barnafatnaði

fáðu þann ódýrasta ókeypis  
Gildir fimmtud.-sunnud.

Cargo buxur,  
**3995,-**

**LINDEXX**



# Fermingarbro? Ójá!



## Frábærir Braven hátalarar

Verð aðeins 19.990 kr.



Veðurheldir Bluetooth hátalarar með batterí sem endist í allt að 12 tíma.  
Einnig hægt að nota hátalarann sem hleðslubatterí fyrir síma.

Fullt af spennandi aukahlutum. Komdu og fiktaðu.



**iPhone**  
frá 68.900 kr.



**iRig Voice**  
fyrir iPhone, iPad og iPod Touch  
7.990 kr.



**Beats Studio 2.0 by Dre**  
Vinsælu heymartólin  
frá 49.990 kr.



**Apple TV**  
18.990 kr.



**MacBook Air**  
frá kr. 174.990



# iStore

í Kringlunni



**iPad Air 2**  
frá kr. 94.990

566 8000

istore.is



Við viljum að þú brosir þegar þú kemur til okkar. Þess vegna bjóðum við góð verð, ljúft viðmót og faglega þjónustu. Að auki renna 1000 kr. af hverju seldu tæki í styrktarsjóð sem úthlutar hreyfihömluðum börnum iPad í hverjum mánuði.

## MENNINGIN

100 viðburðir í tilefni af 100 ára kosningaréttarafmæli:

## „Dugar ekki að gera eitthvað eitt“

„Leiðarljós verkefnisins er að hampa þeim árangri sem hefur náðst í réttindabaráttu kvenna en á sama tíma verðum við að horfast í augu við áskoranirnar og hvetja til framfara á meðan jafnrétti kynjanna er ekki náð. Við leggjum líka mikið upp úr því að viðburðirnir endurspeglí fjölbreytileika samfélagsins, við viljum fagna honum og leitumst við að forðast að yfirbragð hátíðahaldanna verði of einsleitt.“ segir Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar.

Á árinu verður þess minnst með ýmsum hætti að liðin eru 100 ár frá því konur fengu fyrst kosningarétt til Alþingis á Íslandi. Að því tilefni mun Reykjavíkurborg með einum eða öðrum hætti að 100 viðburðum eða upptökum. Ekki verða allir viðburðirnir á vegum borgarinnar sjálfrar heldur kalla borgaryfirvöld eftir samstarfi við sem fjölbreyttastan hóp fólks og félagsamtaka.

## Feminismi svarið við fasisma

Sóley segir dagskrána ennþá í mótun og erfitt sé að nefna einhvern hápunkt ársins. Margir viðburðanna séu sérstaklega tilkomnir vegna afmælisársins en einnig verði fastir viðburðir á vegum Reykjavíkurborgar eins og 17. júní og menningarnótt lagaðir að tilefninu. Meðal dagskrárlíða sem Sóley nefnir er hátíðarfundur sem haldinn verður í Iðnó á morgun, 8. mars, alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Framsögur flytja Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir og Drífa Snædal. Í framhaldinu verða pallborðsumræður. Þá nefnir hún einnig að Reykjavíkurborg hafi komið að rokknámskeiði fyrir unglingsstelpur og transkrakka, stefnt sé að því að halda feminískt sjálfsvarnarnámskeið auk þess sem haldnir verða tónleikar, myndlistarsýningar, barnahátíðir og ritlistarsamkeppnir.

## Aukin feminísk áhersla

Sóley segist hafa fulla trú á því að afmælisárið með öllum þeim viðburðum og upptökum sem það ber í skauti sér muni vekja aukna athygli á réttindum, tækifærum og framlagi kvenna í gegnum tíðina og í samtímanum, sem hún segir vissulega vera tímabært. „Auknar feminískar áherslur í árvissum viðburðum og sérstakir viðburðir til að heiðra konur og framlag þeirra munu svo vonandi leiða til aukinna feminískra áherslna í framhaldinu. Það á ekki að þurfa afmæli

eða sérstök hátíðarhöld til að framlag kvenna sé metið að verðleikum, eða konur og karlar séu jafn sýnileg í samfélaginu. Það er von okkar að árið verði til þess að auka sýnileika kvenna í reykvisku almennlífi. Það er til mikils að vinna.“

## Samstaðan mikilvæg

Flestum er kunnugt um þátt Brietar Bjarnhéðinsdóttur (1856-1940) í baráttunni fyrir réttindum kvenna. Aðspurð um fleiri konur eða samtök sem sérstaklega beri að minnast fyrir þeirra framlag segir Sóley stöðu kvenna í dag og þau réttindi sem hafi áunnist sé afrakstur þrotlausar vinnu fjölmargra kvenna um langt skeið sem mættu óréttlætlanlegu mótlæti. „Briet var vissulega mikilvæg, og vann brautryðjendastarf, en hún var auðvitað ekki ein, ekki frekar en aðrar þær konur sem hafa staðið í fararbroddi á hverjum tíma. Raunar held ég að samstaðan sé miklu mikilvægara einkenni á íslensku kvinnabaráttu og að hún hafi haft miklu meiri áhrif en nokkur ein kona þó margar hafi þær verið stórkostlegar.“ Hún nefnir Kvinnaframboðið, Rauðsokkahreyfinguna, Kvinnalistan, Feministafélagið og öll þau hagsmuna- og grasrótsamtök sem hafa sprottið upp í kringum baráttumál kvenna gegnum tíðina, segir þau hafa haft stórkostleg áhrif og mörg þeirra séu einsdæmi á heimsvísu.

## Mikilvægt að beita sér á öllum sviðum

Þegar Sóley er beðin um að meta stöðu kynjanna í dag og hversu langt baráttan hefur náð segir hún áhugavert að velta fyrir sér hvaða væntingar konurnar sem börðust fyrir kosningaréttinum fyrir 100 árum höfðu til ástandans eftir 100 ár. „Það er sjálfsagt einstaklingsbundið en ég get ímyndað mér að fjölmargar þessara kvenna hafi gert sér vonir um að eftir 100 ár yrði ekki lengur þörf á þessari baráttu. Að sama skapi má velta



fyrir sér hvaða væntingar feminístar dagsins í dag hafa til ástandans eftir önnur 100 ár. Ætli það sé ekki útopískt að láta sig dreyma um raunverulegt jafnrétti kynjanna árið 2115. Hitt er annað mál að Ísland hefur alltaf verið í fararbroddi þegar kemur að jafnrétti kynjanna, við vorum það fyrir 100 árum og erum enn í dag. Ég geri ekki lítið úr því, eða þeim réttindum sem við búum við, en hluti af því að kunna að meta þessi réttindi og virða þá baráttu sem hefur átt sér stað er að horfast í augu við annmarka samfélagsins og halda baráttunni áfram.“ Hún segir jafnrétti kynjanna hvergi nærri náð. Karlar og konur hafi ekki sömu möguleika og tækifæri í lífinu, kynbundinn launamunur sé enn til staðar og kynbundið ofbeldi þrífist. Þá halli á konur bæði á þingi og í sveitastjórnunum þótt þátttaka kvenna í stjórnárum hafi stórkostleg. Til að leiðrétta þetta þurfi samfélagið að beita sér á öllum sviðum, staðalmyndum, kynbundnu ofbeldi, launamun, ábyrgð kynjanna á börnum og heimili og tækifærum á vinnumarkaði. „Það dugur ekki að gera eitthvað eitt af þessu – við verðum að bregðast við þessu öllu.“

## Ný tegund kynferðisofbeldis

Sóley segir að þótt ekki sé hægt að taka einn þátt út úr baráttunni og einblína á hann þá sé kynbundið ofbeldi ljótasta birtingamynd misréttis, það hafi áhrif á samfélagið allt og ógni stöðu kvenna á öllum sviðum. „Kynbundið ofbeldi virðist því miður vera að aukast og það er óhuggulegt hversu hratt tækni-framfarir eru nýttar í þágu ofbeldis gegn stúlkum og konum. Tilkoma, algengi og útbreiðsla hefndarkláms er sérstakt áhyggjuefni, enda er þar um nýja tegund kynferðisofbeldis að ræða með afleiðingum sem við eigum enn



Úr Ámundarsafni en þar stendur nú sýningin Vatnsberinn kona+fjall. Myndir af facebook síðu Listasafns Reykjavíkur.



eftir að sjá, ekki bara fyrir samfélagið í heild sinni heldur fyrir stöðu kvenna og möguleika þeirra á að hasla sér völl í stjórnmálum eða atvinnulífi.“ Hún óttast að um áhrifaríka þöggunarleið sé að ræða og myndir og efni sem fari á netið hafi áhrif á stöðu og framgang kvenna í atvinnuviðtöllum, prófkjörum og kosningabaráttum framtíðarinnar – þori þær yfir höfuð að bjóða sig fram, vitandi hvað getur leynst á internetinu.

„Og þá komum við aftur að hinum hundrað ára gamla kosningarétti. Formleg réttindi eru mikilvæg, en þau duga skammt ef óformlegar eða ósýnilegar hindranir koma í veg fyrir að við nýtum okkur þau. Þess vegna ber okkur skylda til að halda áfram að þróa lýðræðið og tryggja að við getum öll nýtt okkur það um leið og við fögnum þeim dýrmætu áföngum sem náðst hafa gegnum tíðina.“

Í viðburðadagatali á heimasíðu Reykjavíkurborgar er hægt að finna alla viðurði á vegum borgarinnar á afmælisárinu en einnig er facebooksíðan [www.facebook.com/kosningaretturkvenna](http://www.facebook.com/kosningaretturkvenna) þar sem settar eru inn upplýsingar um allt sem tengist verkefninu jafnóðum. Þá eru allir viðburðirnir merktir með myllumerkinu #konurkjósa á samfélagsmiðlum.

## Ekki missa af ...

...**Hönnunarmars**. Á fimmtudag hefst Hönnunarmars í sjöunda sinn og stendur yfir til og með sunnudagsins 15.mars. Boðið er uppá um 100 viðburði víðsvegar um borgina, sýningar, fyrirlestra, uppákomur og innsetningar sem flestir standa gestum og gangandi opnir. Á Hönnunarmars koma saman allar greinar hönnunar og eru þátttakendur um 400 ár hvert.

...**Hvunnagshetjur á köldum klaka**. Í dag kl.10:30 verður haldin barna- og unglingsbókavörðun í Gerðubergi þar sem raunsæi verður til umfjöllunar. Fyrirlesararnir eru

þau Helga Birgisdóttir, doktorsnemi í barnabókmenntum, rithöfundarnir Gunnar Helgason og Illugi Jökulsson og Kristín Ragna Gunnarsdóttir, bókmenntafræðingur og teiknari. Fundarstjóri er Davíð Stefánsson rit höfundur. Ráðstefnan er öllum opin og ekki þarf að skrá sig sérstaklega.

...**Húsin í bænum**. Í Þjóðminjasafninu stendur yfir ljósmyndasýning á myndum sem bærust nytjamarkaðnum Góða hirðinum. Ljósmyndarinn reyndist vera Kristinn Guðmundsson (1934-2006) sem starfaði um árabil sem bókavörður á Bókabílum. Hann virðist hafa myndað þegar rólegt var í bænum og fáir á ferli. Sýningin stendur yfir til 17.maí.

## Hleypur þú 6 maraþon á ári?

...nei líklegast ekki - en þú gætir brennt jafnmörgum hitaeiningum með því að nýta þér **hæðarstillanlegu skrifborðin frá InnX innréttingum.\***

**\*Rannsóknir hafa sýnt að með því að standa í um 15 mínútur per klst. yfir vinnudaginn þá brennir meðalmanneskja um 20.160 hitaeiningum á ári! Nú bjóða InnX innréttingar athyglisverða nýjung sem kallast „LINAK heilsurofinn“. Þessi einfaldi fylgihlutur skráir hversu margar mínútur skrifborðið er í hárrí stöðu og umreiknar það síðan yfir í hitaeiningabrennslu. Þá er líka hægt að stilla rofann til að minna mann á hvenær tímabært er að hækka eða lækka skrifborðið og skipta um vinnustellingu.**

## Hæðarstillanlegt skrifborð

Verð frá kr. 124.302

## Möppuskápur

Verð frá kr. 120.533

Hugsaðu um heilsuna - það borgar sig

**INN**  
Innréttingar

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170  
Fax 577 1172 • [www.innx.is](http://www.innx.is) • [innx@innx.is](mailto:innx@innx.is)



# ICEWEAR OUTLET STORE

— FÁKAFEN 9 —

VETRAR- OG ÚTIVISTARFATNAÐUR  
**ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR**



ICEWEAR OUTLET STORE · FÁKAFEN 9 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 555 7412 · WWW.ICEWEAR.IS

OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10:00-18:00 · LAUGARDAGA 10:00-16:00 · SUNNUDAGA 12:00-16:00



Atli Þór Fanndal

# Íslenska krónan

## - Allt um minnstu mynt í heimi

Seðlabankastjóri telur almenning ekki bera nægilegt traust til krónunnar og peningastefnu Seðlabankans. Þetta kemur fram í heimildamyndinni *Íslenska krónan - allt um minnstu mynt í heimi* sem frumsýnd verður í *Bió Paradís* á boðssýningu í dag en fer í almennar sýningar um helgina. Myndin hefur verið í vinnslu síðan vorið 2008 og því er krónunni okkar fylgt í gegnum róstarsama tíma. Hér á eftir fylgir dómur um myndina. Þeir sem ekkert vilja vita um framvindu heimildamyndarinnar er bent á að lesa ekki lengra.

Raunar er stórmerkilegt að ekki hafi verið gerð ítarleg heimildamynd um íslensku krónuna áður. Örgjaldmiðillinn okkar sem er allt umlykjandi og hefur áhrif á hegðun, lífsgæði, stjórnmálin og samskipti okkar allra. Líklega stendur krónan okkur of nærri til að við áttum okkur á að hún gæti haft áhugaverða sögu að segja, hvað þá að saga hennar geti sagt okkur eitthvað um okkur sjálf. Við fyrstu sýn er það eins og að sannfæra unglungum um að foreldrar hans séu gott efni í heimildamynd, að selja þá hugmynd að nú skuli segja sögu íslensku krónunnar. Það er svo ekki fyrr en foreldrar segja sögu sína sem unglungurinn sannfærist um að jú kannski hafi mamma og pabbi lifað áður en þau tóku að sér þjónustuhlutverk við afkvæmin.

### Góð en ekki gallalaus

Þrátt fyrir galla er um góða mynd að ræða og ég mæli með henni. Myndina ættu sem flestir að sjá vegna þess að hún fjallar um málefni sem varðar okkur öll meira en við gerum okkur grein fyrir. Krónan er eins og alkinn í fjölskyldunni sem enginn vill tala um. Þótt að hjá því verðist reyndar ekki komist. Það má minnst á hana en aðeins innan ákveðins ramma. Það er í finu lagi að bölvu fjölskyldumeðliminum svo fremur sem þú takir upp hansann fyrir hann ef einhver utan fjölskyldunnar gagnrýnir. Ef þú vogar þú þér að tala um augljósan skaða fjölskyldumeðlimsins, t.d. að hann valdi trekk í trekk stórkostlegum niðursveiflum á heimilinu, má bóka að meðvirkur fjölskyldumeðlimur stekkur til varnar. „Já en hann hjálpar svo mikið til við tiltektina eftir á túrinn!“ Myndin er skemmtileg og jafnvel sprenglæglæg. Stútfull af upplýsingum og fróðleik, jafnvel þótt fókusinn sé ekki nægilega skýr. Myndin er eins og annað í samfélaginu; fórnarlamb hraða árána eftir hrun. Náði ekki alveg að aðlagast öllum breytingunum en virkar þó.

### Óljós fókus

Íslenska krónan - allt um minnstu mynt í heimi er vel gerð mynd. Hún er skemmtileg og myndmálið er með ágætum. Eins og áður segir verður að viðurkennast að fókusinn er frekar óljós. Maður segir ekki sögu gjaldmiðils - hvað þá minnsta ríkisgjaldmiðils heimsins - á klukkutíma án þess að velja skýran fókus. Myndin er allt í senn saga peninga í stað vöruskipta, gjaldmiðilsins íslenska, verðbólgunnar, hrunsins og afstöðu manna til Evrópusambandsins og íslenskrar sjálfsmýndar svo fátt eitt sé nefnt. Umfjöllunarefnið er vissulega stórt og víðtækt en góðar heimildamyndir segja stóru myndina ásamt smærri og

hversdagslegri sögum. Um leið eru minni og tæknilegri angar umfjöllunarefnisins valdir með það í huga að skýra betur heildarmyndina. Því miður tekst myndinni það ekki. Fókusinn er of breiður, vitneskjan of almenn og eftir stendur mynd sem nýtir formið ekki nægilega vel. Íslenska krónan er smekkkfull af upplýsingum - lítið um margt en ekki mikið um fátt. Því miður.

### Sjálfsmýndapólitík

Krónan sem hluti af íslenski sjálfsmýnd er að mínu mati einhver áhugaverðasta saga heimildamyndarinnar. Sú umræða er um leið nánast hönnuð fyrir heimildamyndaformið fremur en umfjöllun um efnahagsmál eða Seðlabankann. Umfjöllun um efnahagsmál og gjaldeyrisstefnu á nú þegar fastan stað í fréttum og dægurefni. „Ég tel að Íslendingar hafi mjög sterka og ríka þjóðernisvitund en að hún sé ekki bundin við krónuna,“ segir Ólafur Ísleifsson hagfræðingur í myndinni, aðspurður hvort myntin sé einfaldlega nauðsynleg fyrir sjálfsmýnd Íslendinga. „Þó eru dæmi um að einstaka maður hafi bundist krónunni að því er virðist tilfinningaböndum, og ég bara vona þá að slíkir aðilar fái þá aðstoð sem þeir þurfa við slíkar aðstæður [upptöku nýs gjaldmiðils]. Við sóttum

hérna fram til sjálfstæðis og þá var nú ekki til neitt sem hét íslensk króna.“ Greining Ólafs á svo sannarlega við í ljósi ummæla Vigdísar Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins og formanns fjárlaganefndar Alþingis, í sömu mynd um að: „Íslenska krónan er frekar yfirlýsing um það að við getum rekið okkur sem ríki. Þetta er ekki neitt sálfræðilegt eða neitt þannig. Þetta er hluti af því að vera sjálfstætt ríki, að hafa eigin gjaldmiðil.“ Þetta er áhugaverðasti hluti myndarinnar og þarna var tækifæri til að skapa myndinni tilgang umfram hefðbundna umfjöllun um efnahagsmál. Raunar ber myndin það með sér að einmitt það hafi orðið markmiðið á seinni stigum hennar, það er að fjalla um krónuna sem menningarpólitískt fyrirbæri og spinna sig þannig út í umfjöllun um efnahagsmál. Leifar af upphaflegu markmiði myndarinnar virðast hins vegar þvælast fyrir.

### Grindjánínn

Ein hver áhugaverðasti viðmælandinn í myndinni er Jón Gauti Dagbjartsson, betur þekktur sem Grindjánínn. Jón Gauti er sjómaður en átti fyrir hrun hlut í parketverksmiðju. Jón Gauti er nánast eins og snýttur út úr nefi sjálfsmýndar okkar allra. Hann er harðduglegur og ævintýragjarn og upplifði ríkidæmi eða eitthvað í líkingu við það. Hann þekkir huggun neyslunnar og mikilla peninga en hefur um leið kynnst því að þurfa að hægja á sér - allavega hefur hann kynnst íslensku útgáfunni af aðhaldi og niðurskurði heimililíbókhaldsins. Hann þekkir sveiflur krónunnar og áhrif þeirra á lán, heimilið og viðskipti.

Úr heimildamyndinni *Íslenska krónan - Allt um minnstu mynt í heimi*

### Íslenska krónan - allt um minnstu mynt í heimi

**Leikstjóri og handritshöfundur** er Garðar Stefánsson.

Hann hefur áður leikstýrt heimildarmyndinni *Sófakynslóðin* (2006) sem var valin besta heimildarmyndin á Skjaldborg árið 2007 og *Ísland-Úganda* (2010).

**Framleiðandi og handritshöfundur** er Atli Bollason.

**Klipping:** Eva Lind Höskuldsdóttir  
**Kvikmyndataka:** Árni Filippusson, Bjarni Felix Bjarnason, Aðalsteinn Stefánsson

**Grafík:** Halldór Snorrason

**Hljóð:** Ragnar Ingi Hrafnkelsson

**Tónlist:** Árni Guðjónsson

**Meðframleiðendur:** Aðalsteinn Stefánsson, Garðar Stefánsson, Ragnar Trausti Ragnarsson

**Handrit:** Atli Bollason og Garðar Stefánsson

**Framleiðandi:** Atli Bollason

**Leikstjóri:** Garðar Stefánsson

Framleidd af Litla Dímon ehf. í samstarfi við REC Studios Iceland.

Horfandi á myndina verður maður þess áskynja að Jón Gauti hafi, eins og svo margir Íslendingar, þurft að horfast í augu við að peningar eru ekki í sjálfu sér lífsgæði ef annað vantar. Í Jóni Gauta er þannig tækifæri fyrir framvindu myndarinnar. Hann er sögumaðurinn sem á eigin skinni hefur upplifað afleiðingar efnahags- og gjaldmiðlastefnu á 'micro-leveli' en hans saga er nýtileg til að skýra þjóðhagfræðina, það er stóru myndina í samhengi við þá smáu. Þegar kemur að stóru myndinni hefði mátt vinna betur í vali á viðmælendum. Þegar kemur að því að útskýra breiðar línur og hugmyndafræði er val á viðmælendum fremur fyrirsjánlegt og raunar er fátt sem kemur á óvart í þeim málum. Fjárfestirinn Heiðar Már Guðjónsson er á staðnum enda hefur hann undanfarið lagt mikið í að auka vegferð sína og sýnileika. Seðlabankastjóri og Vigdís Hauksdóttir eru eins og áður segir á staðnum en fulltrúar launafólks eru ekki í myndinni til að ræða gjaldeyris málin í stærra samhengi. Það verður

að teljast mikill veikleiki á mynd sem fjalla á um gjaldmiðilinn í jafn víðu samhengi og markmiðið virðist vera. Launafólk er nú væntanlega sá hópur sem hvað mest finnur fyrir sveiflum örmyntarinnar.

### Ríkust, best og fallegust

Í kynningarefni myndarinnar kemur fram að ráðist var í gerð hennar í góðerinu þegar Íslendingar töldu sig einhverja ríkustu þjóð í heimi, því gengi krónunnar var svo hátt. Hugmyndin hafi því verið að bæta þekkingu áhorfenda á hagfræði svo þeir gætu sjálfir metið hvort Íslendingar væru jafn miklir galdramenn og þeir trúu. Þarna birtist annar veikur punktur myndarinnar. Upphaflegt markmið myndarinnar var að fræða almenning sem trúðu í blindni á fjármálasníld bankamanna. Í millitíðinni varð hrúnið og samdráttur og umræðan um efnahagsmál fór frá jafri til meginstraums. Íslendingar eru einfaldlega afar vel að sér í hugtökum hagfræðinnar, alþjóðapeningamálum og hvers kyns hrushagfræði sama hversu langt út á jadrinum hún er. Þær eru fáar þjóðirnar þar sem almenningur er jafn meðvitaður um gengisskráningu eigin gjaldmiðils. Hér skal því ekki haldið fram að Íslendingar séu almennt meistarar í hagfræði eða að meirihlutinn, hvað þá allir, skilji almennilega þá umræðu sem á sér stað um efnahags- og gjaldmiðlamál. Raunar læðist að mér sá grunur að þeir sem flest hagfræðihugtök nota hafi oft ekki hundsvit á því sem þeir sjálfir eru að tala um. Því miður hefur myndin ekki tekið mið af því hversu hratt almenningur varð að skóla sig til í hagfræðihugtökum. Um leið ber myndin með sér að vera á mörkum úreltingar um leið og hún kemur út vegna þess að fókusinn er á efnahagsmál í núinu en ekki stærri mynd eins og sjálfsmýndina eða sögu. Heimildamyndir eiga að úreldest hægur en sjónvarpsmyndir. Formið er því tilvalið til að segja stærri sögur og stærri mynd með sterkari hugmyndafræðilegri nálgun, það er að segja sterkum kenningagrunni. Myndin virðist ekki alveg viss um hvað hún vill í þessu samhengi. Hún er ítarleg en um leið grunn. Hún er oft jafnvel á mörkum þess að tala niður til áhorfandans sem þó ákvað að gefa heimildamynd um gjaldmiðil tíma sinn í stað hasarmyndar frá Hollywood.





# ER FERMING Á DÖFINNI?

Með Póstinum getur þú gert undirbúninginn einfaldari, skipulagðari og skemmtilegri.

**Póstlistinn minn** heldur utan um heimilisföng boðsgestanna á þægilegan hátt. Hann er á [postur.is](http://postur.is) og því alltaf hægt að breyta honum og bæta við. Einnig er hægt að fá útprentaða límmiða til að líma á umslögin.

**Kortin mín** eru einföld og þægileg leið til þess að gera persónuleg og flott boðskort.

**Frímerkin mín** eru svo punkturinn yfir i-ið. Sérhönnuð frímerki fyrir einstakan viðburð.

**Skeytin mín** með ljósmynd eru persónuleg og skemmtileg leið til að senda fermingarbarninu hamingjuóskir.

**Kíktu inn á [postur.is/fermingar](http://postur.is/fermingar) og skoðu hvað hentar þér**



## Ferming

Þérlykkur er boðið í ferminguna mína þann 5. maí 2015. Athöfnin fer fram í Digraneskirkju klukkan 11.00. Að henni lokinni verður boðið til veislu í safnaðarheimilinu.

Hlakka til að sjá ykkur öll.



## SKEYTI

Elsku Þorsteinn okkar

Við sendum þér innilegar hamingjuóskir með fermingardaginn. Megi þér farnast vel í framtíðinni.

Dóri og Lauga

## ÚTTEKT

Segja eðlilegt að sveitarfélag nýti „skattalega hagræðingu“ við milljarðagreiðslu til hluthafa úr grunnþjónustufyrirtæki:

# „Vart efni til fordæmingar á framgangi hluthafanna“

HS veitur, grunnþjónustufyrirtæki á Reykjanesi, hyggst greiða eigendum sínum tvo milljarða króna út úr fyrirtækinu og minnka hlutfé fyrirtækisins um leið. Tvö sveitarfélög og eitt einkafyrirtæki eru helstu eigendur. Forstjóri HS veitna segir að eigendur þess spari sér skattgreiðslur með þessu fyrirkomulagi, miðað við að arður yrði greiddur úr félaginu. Hann vill heldur að Reykjanesbær fái milljarð króna úr HS veitum en 800 milljónir. Sama hlutfall má ætla að Hafnarfjarðarbær spari sér með þessari aðferð. Í heild hefðu um 400 milljónir verið greiddar til ríkisins af þessum greiðslum, hefður þær verið greiddar til eigenda sem arður. Hafnarfjarðarbær segir enga ástæðu til að fordæma gjörninginn. Hann sé í samræmi við hlutafélagalög. Sérfræðingar sem blaðið hefur leitað til spyrja þó spurninga um þessa aðferð og alþingismenn spyrja líka spurninga. Eigendur HS veitna hafa fengið milljarða króna frá ríkinu og öðrum sveitarfélögum undanfarin ár í formi jöfnunarframlaga.

## Einkavædd grunnþjónusta

Reykjanesbær er stærsti eigandi HS veitna. Fyrirtækið dreifir heitu og köldu vatni auk rafmagns á mjög stóru svæði og til helstu þéttbýlisstaða á Reykjanesi og víðar. Reykjanesbær á helming í félaginu, og fær helminginn af peningunum sem til stendur að taka út úr fyrirtækinu. Hafnarfjarðarbær á fimmtán prósent hlut í HS veitum og fær um 300 milljónir króna. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti nýlega að nota peningana til að greiða niður skuldir.

## Fær vel upp í kaupverðið

Félagið HSV eignarhaldsfélag slhf. á rúman þriðjungshlut í HS veitum. Upphaflega var það athafnamaðurinn Heiðar Mát Guðjónsson sem keypti sig inn í HS veitur í fyrra í gegnum félagið Ursus í fyrra. Ásamt Heiðari Mát voru lífeyrissjóðir og fleiri í hópi hluthafa þegar síðast fréttist. Félagið fær um 700 milljónir króna frá HS veitum. Greiðslan nemur tæpum fjórðungi af kaupverðinu frá í fyrra, en það nam um þremur milljörðum króna.

Félag Heiðars eignaðist hlutinn í HS veitum fyrir rétt tæpu ári. Þá voru keyptir hlutir af Reykjanesbæ auk þess sem Orkuveita Reykjavíkur seldi allan sinn hlut í fyrirtækinu. Í tengslum við söluna var gert hluthafasamkomulag sem færir einkafyrirtækinu mikil völd, þrátt fyrir að eiga minnihluta í félaginu. Þá var greint frá því í Reykjavík vikublaði í fyrravor að Orkuveitan taldi að þættir í tengslum við söluna stönguðust á við lög [sjá hér til hliðar].

## Klára í mars

Tillaga um að HS veitur kaupi hluti í sjálfu og greiða eigendum sínum tvo milljarða króna fyrir sér var lögð fram á hluthafafundi 19. janúar. Ekki hefur komið fram hver lagði þetta til. Júlíus Jónsson forstjóri segir það eitt að þessi hugmynd hafi komið í upp í stefnumótun stjórnar seint á síðasta ári.

Nú í byrjun febrúar sendi Júlíus Jónsson, forstjóri félagsins, formlegt erindi til eigendanna um þetta. Þar segir að á hluthafafundinum hafi verið „lögð fram tillaga um að félagið keypti eigin hlutabréf af hluthöfum fyrir 2 milljarða

króna með þeim fyrirvara að hagkvæm fjármögnun fengist.“ Síðan segir í bréfi forstjórans að stefnt sé á að ganga frá þessu fyrir aðalfund félagsins sem til stendur að halda í mars. Þá stendur til að færa hlutafé félagsins niður, um milljarðana tvo. Hugmynd eigendanna er að eignarhlutföll raskist ekki.

## Taka lán fyrir kaupunum

Júlíus Jónsson, forstjóri HS veitna segir í svari við fyrirspurn blaðamanns að áætlað sé að taka lán fyrir kaupum á hlutabréfum eigendanna. „Handbært fé HS Veitna er yfir 2 milljarðar en vegna mikilla áætlaðra fjárfestinga á þessu og næsta ári þarf á því tímabili að taka um 2,5 milljarða að láni.“

Hann segir að eiginfjárlutfall félagsins sé nú rúm 53 prósent og verði yfir 40 prósentum, eftir gjörninginn. Júlíus segir að Orkuveitan miði við enn lægra eignfjárlutfall, 30 prósent, segir Júlíus. „Eigendur HS Veitna telja það reyndar of lágt og hafa sett í fjárhagsreglu að eignfjárlutfall fari ekki niður fyrir 40% og handbært fé aldrei niður fyrir 500 m. kr. Arðsemi eigin fjár verður lægri þegar eignfjárlutfall er þetta hátt og aðgerðin bætir úr því.“

## Undan skatti

Spurður um hvort fordæmi séu fyrir svona aðgerð, segir Júlíus að nokkur dæmi séu um það.

HS veitur hafa greitt eigendum sínum arð með reglulegum hætti mörg undanfarin ár.

- Ef þetta er spurning um að eigendur fái fé út úr fyrirtækinu, hvers vegna er þá bara ekki greiddur arður?

„Þetta er hagkvæmara fyrir hluthafa skattalega séð,“ segir Júlíus. Hann bætir því við að sé bókfært verð bréfanna það sama eða hærra en söluverðið, þá verði ekki til skattskyldur söluhagnaður. Af arðgreiðslu þurfi hins vegar að greiða 20 prósent skatt.

Sé miðað við það þá verða sameiginlegir sjóðir af um 400 milljónum króna með þessum gjörningi, sem að hluta til rennur til sveitarfélaga, en líka til einkafyrirtækis.

## „Vart ástæða til fordæmingar“

Reykjavík vikublað sendi bæjarstjóra Hafnarfjarðar fyrirspurn um málið fyrir rúmri viku og spurði hvort eðlilegt gæti talist að opinberir aðilar nýttu sér leiðir til að greiða ekki til sameiginlegra sjóða.

Svar kom um miðja vikuna og var sagt vera skriflegt svar bæjarins við spurningum blaðsins.

Þar er rakið að eiginfjárlutfallið sé fært niður „þannig að það verði nær því sem stjórnvöld og Orkuveitan telja eðlilegt fyrir raforkudreifingu,“ segir meðal annars í svarinu, líkt og forstjóri félagsins sagði áður. En um skattgreiðslurnar segir í skriflegu svari bæjarfélagsins:

„Um starfsemi hlutafélags, sem er félagsform ætlað til rekstrar í fjárhagslegum tilgangi og um umgengni hluthafa gagnvart hlutafélagi og fjármálum þess gildir ítarlegur lagabálkur. Efni lagareglanna dregur óhjákvæmilega og augljóslega dóm af þeim tilgangi með rekstri hvers slíks félags sem vísað er til. Því er markaður farvegur með skýrum fyrirætlunum settra laga með hvaða hætti hluthafar mega njóta

## Lögbrot sem vakti litla athygli

Í byrjun apríl í fyrra greindi Reykjavík vikublað frá umsögn Orkuveitanar um einkavæðingu HS veitna. Samkeppniseftirlitið fjallaði þá um söluna sendi Orkuveitan umsögn sína þangað. Samkeppniseftirlitið sjálft gerði ekki athugasemdir. Svo hljóðandi var upphaf forsíðufréttar Reykjavíkur vikublaðs 12. apríl í fyrra:

„Orkuveitan gerir athugasemdir við kaup einkaaðila á ríflega þriðjungs hlut í HS veitum. Stofnunin telur að hluthafasamkomulag Reykjanesbæjar og nýs eiganda samræmist ekki ákvæðum raforkulaga.

Í hluthafasamkomulaginu er fólgið að Ursus I [Nú HSV], sem er í eigu lífeyrissjóða og einkafjárfesta, fái neitunarvald í veigamiklum málum fyrirtækisins, enda þótt hlutur félagsins sé ríflega 34 prósent. Samkvæmt lögum þarf opinber aðili að eiga meirihluta í veitufyrirtækjum. Orkuveitan telur hluthafasamkomulagið ganga gegn anda laganna. Ursus I segir hins vegar að samkomulagið hróflí ekki við meirihluta eign opinberra aðila.“

## Átök um sölu

HS veitur hafa skilað stöðugum arði til eigenda sinna undanfarin ár. Þar á meðal Orkuveitu Reykjavíkur sem seldi sinn hlut í fyrra. Heiðar Mát Guðjónsson fjárfestir keypti Orkuveitu Reykjavíkur út úr fyrirtækinu og stóran hlut af Reykjanesbæ, í fyrra. Hafnfirðingum var boðið að selja en það vildu þeir ekki. OR hefur fengið um einn og hálfan milljarð króna fyrir um 16 prósent hlut sinn. Greint var frá því hér í blaðinu í fyrravor að Orkuveitan hefði selt arðgreiðslu síðasta árs með hlutnum, svo verðið fyrir sjálfan hlutinn hefur verið lægra sem því nam. Sóley Tómasdóttir, þá stjórnarmaður í OR, gagnrýndi söluna í samtali við blaðið í fyrra, með þeim rökum að almenningur ætti að eiga grunnþjónustufyrirtækin. Þá voru Björt framtíð og Samfylking í tveggja flokka meirihluta sem endurspegladist í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Þá var blaðinu jafnframt sagt að salan væri í samræmi við Planið svonefnda um sölu eigna, og að eign OR í fyrirtæki á Suðurnesjum væri ekki hluti af kjarnastarfsemi Orkuveitunnar.

arðs af hlutafjárframlögum sínum og hvernig þeir mega aftur taka til sín frá félaginu, þau framlög sem til þess hafa verið lögð. Sé þeim lagafyrirmælum fylgt eru vart efni til fordæmingar á framgangi hluthafanna.“

## Stefna á miklar arðgreiðslur

Í svarinu er enn fremur farið yfir væntanlega arðgreiðslu út úr fyrirtækinu til

## Öryggisíbúðir Eirar til leigu í Grafarvogi Reykjavík



Vandaðar öryggisíbúðir Eirar til leigu í Grafarvogi, Reykjavík.

Eirborgir, Fróðengi 1—11, 112 Reykjavík.

Eirarhús, Hlíðarhúsum 3—5, 112 Reykjavík.

- Rólegt og notarlegt umhverfi með aðgengi að metnaðarfullri aðstöðu og þjónustu með það að markmiði að einstaklingurinn geti búið lengur heima.
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn.
- Aðgengi að mótuneyti og félagsmiðstöð.
- Góðar gönguleiðir í nágrenninu.

Nánari upplýsingar í síma 522 5700 virka daga milli kl. 8 og 16 og í gegnum netföngin: edda@eir.is, sveinn@eir.is



Eir öryggisíbúðir ehf.  
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. ☎ 522 5700  
milli 8:00 og 16:00 virka daga.



Heiðar Már hefur fengið drjúgan hluta kaupverðsins til baka á innan við ári.

Mynd: Pressphotos.biz.



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir var bæjarstjóri í Hafnarfirði þegar bænum var boðið að selja.



Haraldur L. Líndal, bæjarstjóri í Hafnarfirði. Bærinn segir engar ástæður til að fordæma gjörninginn.



Vilhjálmur Bjarnason segist engar athugasemdir gera, sé þetta í samræmi við lög.



Sóley hefur talað fyrir því að almenn-ingur eigi grunnþjónustufyrirtækin.

hluthafa, en umtalsverður hagnaður varð af rekstri HS veitna á síðasta ári, eins og raunar undanfarin ár.

„HS Veitur stefna á að greiða sömu upphæð í arð og greidd var á síðasta ári eða 450 m. kr. og af því verða þá greiddar 90 m. kr. í fjármagnstekjuskatt auk þess sem reiknaður tekjuskattur á fyrirtækið sjálft er 146 m. kr.“

#### Birtingarmynd óæskilegrar einkavæðingar

„Ég tel að það þurfi að skoða þetta betur,“ segir Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins og fulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.



Júlíus forstjóri segir „skattalegt hagræði“ fólgið í gjörningnum.

Hann segist „hugsi“ yfir tveggja milljarða greiðslu HS veitna til eigenda sinna og spyr hvort hér kunni að vera birtingarmynd óæskilegrar einkavæðingar. Þó þurfi að ígrunda gagnrýni á gjörninginn vandlega. Lögjafinn hafi skapað þennan farveg og sterk rök þurfi til þess að breyta lögum.

Blaðið sendi öllum þingmönnum í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrirspurn um málið, og þingmönnum úr öllum flokkum í fjárlaganefnd. Svörin sem blaðinu hafa borist á rúmri viku eru fá, en aðeins þrjár þingmenn virtu blaðið svars.

Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður



Willum Þór spyr spurninga um málið.

Sjálfstæðisflokksins, spurði í svari til blaðsins hvort gjörningurinn væri ekki í samræmi við hlutafélagalög. „Ef svo er þá segi ég ekkert,“ segir í svarinu. Sé svo ekki, ættu viðeigandi yfirvöld að fjalla um málið, efnahagsbrotadeild eða skattayfirvöld. Einn þingmaður enn svaraði fyrirspurn blaðsins. „Mér finnst þetta merkilegur snúningur til að komast hjá því að greiða skatt, ekki síst þar sem um er að ræða fyrirtæki að miklu leyti í eigu almennings/skattgreiðenda,“ sagði þingmaðurinn, sem samt sem áður óskaði eftir því að ummælin yrðu ekki höfð eftir sér, þar sem viðkomandi vildi kynna sér málið betur.

#### Vekur spurningar

Háskólamaður sem rætt hefur verið við hafa sagt þennan gjörning vekja spurningar, eða jafnvel sagt hann óeðlilegan, en búast megi við að hann standist lög. Einn viðmælandi blaðsins, sérfræðingur utan háskóla-samfélagsins, spurði sig raunar hvort gjörningurinn kynni að brjóta í bága við 11. grein laga um tekjuskatt. Sú grein fjallar um skattskyldan arð, og sagði viðmælandinn sennilegt að líta bæri á þessa greiðslu út úr fyrirtækinu sem arðgreiðslu. Enginn fullyrti þó að um lögbrot væri að ræða. Skúli Eggert Þórðarsson, ríkisskattstjóri, sagist ekki ræða málefni einstakra skattaðila en staðfesti við blaðið að sveitarfélög greiddu fjármagnstekjuskatt eins og aðrir.

#### Ábyrgt gagnvart nærsamfélaginu?

Willum Þór Þórsson þingmaður Framsóknarflokksins spyr einnig hvort þessi aðferð eigenda HS veitna sé þjóhagslega ábyrg, og svarar spurningunni sjálfur neitandi.

Hins vegar þurfi einnig að svara

## Mikill hagnaður í ár

Heildarhagnaður HS veitna árið 2014 nam 804 m.kr. á móti hagnaði árið 2013 uppá 666 m.kr. Það er hagnaðaraukning upp á 139 m.kr. milli ára, segir í fréttatilkynningu HS veitna á dögunum. Félagið sinnir grunnþjónustu og er í algerri einokunarstöðu gagnvart íbúum á starfssvæði sínu. Það dreifir drykkjarvatni og heitu vatni og rafmagni.

Þeirri spurningu hvort aðferðin sé samfélagslega ábyrg, til dæmis með tilliti til þeirra nærsamfélaga sem málið snertir, nefnilega hagsmunu Reykjanesbæjar og Hafnarfjarðar. Sem kunnugt er hafa Hafnarfirðingar samþykkt að verja fénu til að greiða niður skuldir.

Forstjóri HS veitna sagði um þetta mál í fréttum Stöðvar 2, aðspurður um hvort eðlilegt væri að ekki væri greiddur af þessu skattur, sagði hann að sem íbúi Reykjanesbæjar, vildi hann heldur að bærinn fengi milljarð úr fyrirtækinu en 800 milljónir. Þá hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkt að verja fénu til að greiða niður skuldir. Bæði sveitarfélögin eru mjög skuldsett. Reykjanesbær þó sérstaklega.

#### Rifleg framlög frá öðrum

Bæði sveitarfélögin hafa fengið rifleg framlög frá öðrum sveitarfélögum og ríkinu í formi framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Í fyrra var áætlað

Framhald á bls. 14

# Múltí Kúltí

MÁLAMÍÐSTÖÐ // LANGUAGE CENTRE

multislenska@gmail.com / www.multimal.org / www.facebook.com/multikultilanguages

NÁMSKEIÐ VOR 2015  
COURSES SPRING 2015

Námskeið fyrir byrjendur,  
jafnt sem lengra komna

+EXPERIENCED TEACHERS  
+DOWNTOWN LOCATION  
+MODEST-SIZED GROUPS MAX. 12  
+5 LEVELS

LEARN ICELANDIC  
PRICE: 40 HOURS / 60 CLASS HOURS  
31.000 ISK

ENSKA  
SPÆNSKA  
ÍTALSKA  
JAPANSKA

MÚLTÍKÚLTÍ

Barónsstígur 3 - 101 Reykjavík  
tel: 899 6570

multislenska@gmail.com / www.multimal.org / www.facebook.com/multikultilanguages

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundarröðinni **BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR** um þróun og mótun borgarinnar með Hjalmar Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs.

## Hvaða máli skiptir náttúran í borgarumhverfi?

Er Reykjavík borg náttúrunnar? Eru opnu svæðin í Reykjavík of viðfeðm, of mörg eða of fá? Getur náttúru-upplifun átt sér stað í húsgötu? Getur borg þrífist án náttúru? Hvernig náttúru viljum við í borginni? Þarf að vernda náttúru í borg?

**Náttúran í borginni og borgin í náttúrunni** eru til umfjöllunar í fundarröðinni Borgin – Heimkynni okkar, sem umhverfis- og skipulagssvið stendur fyrir með Hjalmar Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs, um þróun og mótun Reykjavíkurborgar.

**Fundurinn er þriðjudaginn 10. mars 2015 kl. 20.00 á Kjarvalsstöðum.**

Gestir fundarins eru Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt, Sigrún Birgisdóttir, arkitekt og deildarforseti hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ og Snorri Sigurðsson, doktor í líffræði hjá skrifstofu náttúru og garða hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg fékk náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2014.

**Allir eru velkomnir – kaffi á könnunni.**



Hjalmar Sveinsson



Dagný Bjarnadóttir



Sigrún Birgisdóttir



Snorri Sigurðsson



## MATARSÍÐA SVAVAR



Svavar Halldórsson

# Bráðskemmtilegur bakaraofn

Í sögu heimsbókmennta, leiklistar og kvikmynda hafa matsölastaðir af ýmsu tagi verið sögusviðið eða skipt sköpum varðandi framvindu. Enginn mafiósastjóri í bíómynd er trúverðugur nema að hann sitji dagana langa við skuggalegt borð úti í horni á ítalska veitingastaðnum sínum. Væru Dýrin í Hálsaskógi sama perlan ef í verkið vantaði Héraðsstubb og bakarið hans – eða piparkökusönginn? Matur stendur okkur nærri og flestir geta samsamað sig með hrakföllum eða ævintýrum í eldhúsum og við matseld.



### Ærslafullur gamanleikur

Gaflaraleikhúsið hefur sett upp skemmtilegan ærslaleik sem þar sem þeir Gunnar Helgason og Felix Bergsson – eða Gunni og Felix – fara á kostum. Verkið heitir Bakaraofninn og gerist á samnefndum veitingastað. Von er á grimmum matargagnrýnanda og ekkert er tilbúið. Atburðarrásin einkennist af klaupaskap, misskilningi og vanmætti þeirra Gunna og Felix eftir því sem stóra stundin nálgast. Furðulegur iðnaðarmaður sem reynist hálfgerður hamskiptingur og framlíðin amma eru skemmtilegt krydd í þennan ærslaleik.

### Einvala lið

Jafnvel þótt verkið sé fyrst og fremst ætlað börnum þá sækja höfundar efnivið í bókmenntir og þjóðmál og hómor handa hinum fullorðnu er aldrei langt undan. Tónlistinn skipar veglegan sess en þar nýtur Gaflaraleikhúsið krafta Mána Svavarssonar. Leikstjóri er Björk Jakobsdóttir, eiginkona Gunnars Helgasonar. Auka þeirra Gunna og Felix leika í verkinu þau Elva Ósk Ólafsdóttir og edduverðlaunahafinn Ævar Þór Benediktsson, betur þekktur sem Ævar vísindamaður. Allir leikararnir fara á kostum.

### Frábær skemmtun

Bakaraofninn er vel heppnaður farsí og frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Það var samdóma álit allra

ungana á heimili undirritaðs eftir sýningu að þetta hafi verið hin besta skemmtun. Leikmynd, ljós, hljóð og annað slíkt var vel útfært og sniðugt þótt það markist vissulega af rýminu sem er í boði. Svo er bara að bíða og sjá hvort tónlistinn komi ekki út á geisladiski fyrir næstu jól. En hvers vegna að skrifa um leiksýningu á matarsíðu? Jú, augljóslega er snerti-flótur þar sem verkið gerist að öllu leyti á veitingastað. En það er fleira sem kemur til.

### Leynd matarskilaboð

Í verkinu leynast litlir og áhugaverðir molar sem gefa því meira vægi og vigt. Eitt er það hvernig vel heppnaður og góður matur er skilgreindur. Hann er dæmigerður íslenskur heimilismatur – og hollur. Vondi og misheppnaði maturinn er hins vegar stútfullur af óæskilegum efnum, t.d. salti, eða illskilgreinanlegum þrifaefnum, sem gefur þau skilaboð að við verðum að vita hvað er í matnum okkar – það sé ekki í lagi að borða hvað sem er. Síðan hverfist allur farsinn um rullu með þúsund ára gömlum alíslenskum uppskriftum. Í henni hlutgervist allt það sem er gott, hreint, hollt og fallegt við mat. Skilaboðin sem eftir sitja í hugum ungvíðisins eru semsagt þau að heimilismatur sé góður og æskilegur. Á mínu heimili var a.m.k. beðið um fiskibollur í kvöldmatinn.

## NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU

ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI



**Skjót leið**    
til starfsmenntunar   
Skapaðu þér **pitt eigið** góðæri



**NÝI**  **ÖKUSKÓLINN**

KLETTAGÖRDUM 11 (ET-HÚSINU) - 104 REYKJAVÍK - SÍMAR: 588 4500 - 822 4502 [www.meiraprof.is](http://www.meiraprof.is) - rektorinn@gmail.com



SELTJARNARNESBÆR

### Laust starf

Leikskóli Seltjarnarness (5959-280/290 [soffia@nesid.is](mailto:soffia@nesid.is) [annaha@nesid.is](mailto:annaha@nesid.is))

- Proskapjálfi / leikskólasérkennari, fullt starf.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaeigandi stéttarfélag. Sjá nánari upplýsingar á heimsíðu Seltjarnarnesbæjar [www.seltjarnarnes.is](http://www.seltjarnarnes.is)

Umsóknarfrestur er til 15. mars næstkomandi.


Fræðsluvið Seltjarnarnesbæjar



790.-



1299.- stk.



999.-

OPIÐ FRÁ KL. 10-18 ALLA DAGA

# BÓKA MARKAÐURINN

## Laugardagsvellir

ÓTRÚLEGT ÚRVAL DÚSUNDIR TITLA EKKI MISSA AF ÞESSU

Kaffi, kakó og heimalagað bakkelsi

**Ferstikla** BÓKAKAFFI  
Kósí kaffihús á Bókamarkaði




1299.-



1499.-



999.-




2999.-




1990.-



395.-



295.-



1790.-

# Betrun borgar og hverfa

Nýverið lauk kosningu í Betri Hverfi 2015 en fyrir þá sem ekki vita eru Betri Hverfi samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu þar sem verkefnum er forgangsraðað samkvæmt óskum íbúa hverfanna. Verkefnin sem kosið er um eru valin úr innsendum tillögum borgarbúa frá haustdögum ársins á undan. Verkefnið hefur vaxið umtalsvert milli ára en í ár tóku 7,3% íbúa, sextán ára og eldri, þátt í kosningunum samanborið við 5,7% íbúa í kosningunum 2014. Mest þátttaka var í Grafarholti og Úlfarsárdal þar sem 9,1% sextán ára og eldri tóku þátt í kosningunni. Það skal ekki koma nokkrum í opna skjöldu að Píratar eru miklir talsmenn þess að íbúar Reykjavíkur fái að skipta sér í auknum mæli af stjórnsýslu Reykjavíkur. Eðlilega er verkefnið margslungið og það er mikilvægt að huga vel að þeim skrefum sem hægt er að taka að auknum áhrifum íbúa Reykjavíkur. En hvaða skref eru það svo sem?

## Betri Hverfaráð.

Uppi eru hugmyndir um að efla hverfaráráðin. Þau voru sett á fótt á sínum tíma sem tilraunaverkefni og það fer að koma tími til þess að gefa þeim smá fótstig. Ein hugmynd sem ég er persónulega spenntur fyrir er að nýta fjölgun borgarfulltrúa í kosningunum 2018 (en þá verður þeim fjölgað í 23) til að fjölga hverfisráðafulltrúum og kjósa þá fulltrúa almennings beinum kosningum innan hverfanna. Þannig

myndu hverfisráðsmönnum fjölga upp í sjö og kröfurnar yrðu vitaskuld meiri á ráðið. Hugmyndin er þá að ráðið yrði ekki lengur bara í ráðgefandi hlutverki eins og verið hefur heldur myndi gegna raunverulegu ákvarðanahlutverki. Til dæmis mætti sjá fyrir sér að ráðin myndu geta létt undir Umhverfis- og skipulagsráði með mál sem þurfa afgreiðslu og annað í þeim dúr, auk þess að ráðið myndi bera ábyrgð á tilteknum verkefnum, svo sem að taka virkari þátt í að velja hugmyndir inn í verkefnið Betri Hverfi. Þannig myndi ráðið til dæmis sjá burt hugmyndir sem eru lögbundin verkefni borgarinnar og koma þeim sem ábendingum á rétta staði innan borgarkerfisins. Með þessu móti tel ég að stjórnsýsla borgarinnar sé færð nær íbúum borgarinnar en áður. Með þessu móti verða góð hverfi betri. Þetta er ágætt fyrsta skref í því sem verður vonandi keðjuverkun opunar stjórnsýslu borgarinnar fyrir þátttökulýðræði.

## Hópvitund.

Við Píratar teljum ekki að aðkoma að stjórnkerfinu sé nóg. Aðgengi íbúa borgarinnar að upplýsingum er lykilaríði í stjórnsýslu og lýðræði og nú þegar höfum við tekið fyrstu skrefin í átt að því marki að auka gagnsæi stjórnsýslunnar tilfinnanlega. Nokkur svið borgarinnar hafa tekið saman allar skýrslur, samninga og greinargerðir á vefsíðum sínum og nú þegar er fjármálaskrifstofa borgarinnar að verki við að meta bestu

leiðirnar til að opna bókhald borgarinnar og upplýsingatæknideild vinnur að því að birta fundagögn með fundargerðum jafnóðum og fundum ráða og nefnda lýkur. Ætlunin er auðvitað að gögnin verði véllæsileg en með því móti verður þriðju aðilum gert auðveldara að búa til gagnaviðmót sem vonandi gera íbúunum, ykkur, tækifæri til að veita okkur aðhald og betri hugmyndir. Saman sjáum við betri leiðir. Í hugbúnaðariðnaðinum er talað um



Lyðvistun (crowd-sourcing) þegar mjög stór hópur ótengdra aðila kemur að gerð hugbúnaðar og í sprotafyrir-

tækjabransanum er talað um lýðfjármögnun (crowd-funding) þegar mjög stór hópur ótengdra aðila kemur að fjármögnun góðs verkefnis.

Það er kominn tími á hugtakið lýðstjórnun (crowd-governance): Þegar mjög stór hópur ótengdra aðila kemur að stjórn nærumhverfis síns og borgar. Ég veit að ég verð kallaður útópískur hugsjónamaður en náum við nokkurn tíma árangri ef við horfum ekki til himins?

*Ykkar, Þórgnýr Thoroddsen, varaborgarfulltrúi Pírata í borgarstjórn Reykjavíkur og formaður ÍTR.*

## Sesselja Traustadóttir, Hjólafærni á Íslandi:

# Hjólum og njótum

## Á hausnum alla leið!

Reykjavík er frábær hjólaborg. Það er svo gott að fara á milli staða á hjólinu og vita að maður leggur alltaf ökutækini rétt upp við innganginn. Aldrei að eyða tíma í umferðaröngþveiti eða í leit að stæði, laus við að menga og uppfylli í leiðinni hreyfiviðmið landlæknis. Við sem lítið nenum að hreyfa okkur getum varla slegið fleiri flugur í einu

höggi. Þurfum eiginlega ekki að fara í ræktina, bara smá út að hjóla.

Öllu einfaldara getur lífið varla orðið og heppin ég: Má mala svolítið um hjólreiðar í Reykjavík, vikublaðið fram á vorið.

Byrjum á hausnum. Hann er lykhillinn að allri velferð í umferðinni. Ekkert getur tryggt velferð mína með sama hætti og hausinn á mér.



Augnsamband er lykill að farsæld í umferðinni.

Mynd - ST



Engar bremsur, hjálmur, vesti, ljós eða neitt annað. Nei, ég þarf bara að nota á mér hausinn. Augu og eyru er frábær öryggistæki og ég nota þau óspart á ferðinni. Í samvinnu við aðra virka vegfarendur, nota ég munninn. Þýð góðan daginn og þakka fyrir ef einhver stígur úr veginum fyrir mér.

Þegar kemur að vegfarendum sem keyra bíla, þá beini ég augum mínum að bílstjórasetinu og reyni að ná augnsambandi við þann sem keyrir. Fólk er upp til hópa sammála um að vilja láta umferðina ganga vel. Á reiðhjólum upplifi ég oft frábæra samvinnu við aðra vegfarendur. Bílstjórum fylgja daglega sem stöðva ökutæki sín tímlega til þess að tryggja að ég komist greiðlega yfir þveranir á götunum. Mikið er ég þeim þakklát fyrir þeirra hlýja hug. Ég held augnsambandi við þá, brosi, nikka eða veifa.

Það er gott að hafa hausinn með á ferðinni.

## Framhald af bls 11.

að framlögin til þeirra myndu nema samtals 2,8 milljörðum króna, og fékk Reykjanesbær tvo þriðju, eða sem svarar um 110 þúsund krónum á íbúa í sveitarfélaginu. Hafnarfjörður átti skv. sömu áætlun að fá um milljarð króna úr Jöfnunarsjóðnum í fyrra.

Gert er ráð fyrir því að í ár fái Hafnarfjarðarbær um 980 milljónir króna, upp undir milljarð, úr jöfnunarsjóðnum

samkvæmt upplýsingum á heimasíðu sjóðsins. Gert er ráð fyrir því að Reykjanesbær fái ríflega 1.380 milljónir króna, hátt í 1,4 milljarða króna.

Frá Hrúni hefur Reykjanesbær fengið hátt í 10 milljarða króna úr Jöfnunarsjóði Sveitarfélaga, ef marka má yfirlit Hagstofunnar að viðbættu áætluðu framlagi ársins í ár. Hafnarfjarðarbær hefur skv. sömu heimildum fengið vel

á sjötta milljarð króna úr sjóðnum á árunum 2009-15.

Ríkið greiðir um helming fjárisins sem fer í Jöfnunarsjóðinn. Samkvæmt ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2013 nam ríkisframlagið um 16 milljörðum króna. Stærstu framlög sveitarfélaga koma úr vösum íbúa fjölmennustu sveitarfélaganna. Lang mest kemur úr vösum Reykvíkinga.

**Prif ehf**

**SÍMI 89 89 566**

[www.prif.is](http://www.prif.is) / [www.thrif.net](http://www.thrif.net)

netfang: [thrif@centrum.is](mailto:thrif@centrum.is)

**Við gerum tilboð í reglubundna ræstingu ykkur að kostnaðarlausu.**

## Einkarekið Apótek

**Lágt lyfjaverð - góð þjónusta**



**GARÐS  
APÓTEK**

- rétt leið

**Sogavegi við Réttarholtsveg**

Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • [www.gardsapotek.is](http://www.gardsapotek.is)

# Það er alltaf gaman í Gaflaraleikhúsinu

Tvær sýningar = Tvö hlátursköst



## Bakaraofninn - næstu sýningar

Sunnudagur	8. mars	kl 13.00	UPPSELT
Sunnudagur	15 mars	kl 13.00 og kl 16.00	
Sunnudagur	22 mars	kl 13.00 og kl 16.00	
Sunnudagur	29 mars	kl 13.00	



## Konubörn



"Ég vona að sem allra flestir, ungir sem gamlir, kvenbörn og karlbörn fái að njóta þessarar sýningar"

Síja Aðalsteinsdóttir Tímarit Máls og Menningar

Tryggið  
ykkur miða  
**565 5900**  
midi.is

## Konubörn - næstu sýningar

Fimmtudagur	12 mars	kl.20.00	UPPSELT
Föstudagur	13. mars	kl 21.30	UPPSELT
Laugardagur	14 mars	kl 21.30	UPPSELT
Föstudagur	20 mars	kl 20.00	Aukasýning
Föstudagur	27 mars	kl 20.00	örfáir miðar

"Ég er enn með svo miklar harðsperrur í kjálkanum eftir hlátrasköllin að ég get ekki talað með góðu móti"


Síja Aðalsteinsdóttir í Tímariti máls og menningar

"Litli kallinn minn var orðinn máttlaus af hlátri og það sem undarlegra var, amman ég líka. Við hlógum þarna eins og vitleysingar bæði af uppátækjunum þeirra, svipbrigðum og háttsemi."

Helga Völundardóttir í Kvinnablaðinu

"Ótrúlega skemmtileg"

Hlín Agnarsdóttir í Djöflaeyjunni



# Stiga+húsa+teppi

Mikið úrval og litaval!

Viðurkennd gæðateppi, slitsterk, ofnæmisprófuð og samþykkt af Mannvirkjastofnun.

Óhreinindavörn sem lengir líftíma teppanna og léttir þrif.

Mælum og gerum tilboð án skuldbindinga og kostnaðar

**PARKET & GOLF**

Ármúli 32, 108 Reykjavík  
Sími 568 1888  
www.parketogolf.is

Komdu með auglýsinguna og fáðu viðbótarafslátt!

Sérverslun með teppi og parket



VERK

ALLIR IÐNAÐARMENN  
Á EINUM STAÐ

> Smiðir > Málarar  
> Rafvirkjar > Flísarar  
> Píparar > Múrarar

Sími  
555 4000Bjarni verkstjóri  
s. 618 8100 - bjarni@gc.is

## BAKSÍÐAN

Magnús Sveinn  
Helgason

## Að aðlagast íslensku samfélagi

Í síðustu viku sendi Stöð 2 út þáttinn „Múslimana okkar“. Tilgangur þáttarins var að veita ákveðna innsýn í daglegt líf múslima á Íslandi, sýna að þeir eru venjulegt fólk, en ekki hryðjuverkamenn sem þurfi að hafa gætur á með forvirkum rannsóknarheimildum, líkt og furðu margir virðast trúa.

Það sýnir hins vegar betur en flest annað hve erfitt getur verið að vinna á fordómum með fræðslu að Gústaf Nielsson fullyrti að þátturinn sýndi og sannaði að múslimar væru óalandi og óferjandi. Í stöðufærslu á Facebook sem fékk gríðarlega athygli, sagði Gústaf: „Vona ég að sem flestir Íslendingar hafi horft á þáttinn, því hann í reynd staðfestir að þetta ágæta fólk er ekki hér til þess að aðlagast menningu og siðum innfæddra.“

Hvernig Gústaf fær það út er satt best að segja ráðgáta. Það var erfitt að sjá að fólkid sem talað var við í þættinum sýndi einbeittan vilja til að „aðlagast“ ekki íslensku samfélagi. Í raun virðist gagnrýnin felast í því að múslimar á Íslandi skuli voga sér halda í hefðir sínar og menningu og jafnvel iðka trú sína.

Það væri mjög óeðlilegt að fólk gæfi eftir allar hefðir sínar og menningu við að flytja til annars lands. Ég veit ekki betur en að Íslendingar sem flytja til annarra landa haldi í sína siði og menningu. Fólk lætur senda sér íslenskan lakkrís og íslensk slúðurblöð, það heldur þorablót, lætur senda sér hangikjöt, heldur jólin að íslenskum sið og svo framvegis.

Og auðvitað eru það ekki bara múslimar - sem vel að merkja koma víða að - heldur allt fólk sem sest hefur að hér á landi, sem heldur í hefðir sínar og menningu um leið og það lifir og hrærist í íslensku samfélagi. Það er það sem átt er við þegar talað er um að Ísland sé fjölmenningsarsamfélag.

Sem er sennilega akkúrat það sem Gústaf á erfitt með að aðlagast.

## Póstdreifing



# FJÖLPÓSTUR SEM VIRKAR!

Fjölþóstur er óáritað kynningar- og auglýsingaefni sem er dreift til fyrirtækja og heimila. Fjölþóstur er einn sterkasti auglýsingamiðillinn sem völ er á, í góðum fjölþósti er hægt að koma fyrir betri upplýsingum um vöru eða þjónustu heldur en í hefðbundnum auglýsingum. Samkvæmt könnun Gallup lesa um 61% landsmanna fjölþóst og af þeim eru um 22% sem kaupa auglýstan hlut/þjónustu.


Óáritað kynningar- og auglýsingaefni.

Staðbundin skilaboð, hægt að velja pósthúmer, hverfi, tegund húsa o.s.frv.

Sterkur og áhrifaríkur auglýsingamiðill.



198.250 Íslendinga eða 61% lesa fjölþóst.



Af þessum 61% versla 22% auglýsta vöru.

PÓSTDREIFING EHF

Vatnagördum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300  
www.postdreifing.is | postdreifing@postdreifing.is

Opð allan sólarhringinn

i Engihjalla, Vesturbergi  
og Arnarbakka

Iceland



# REYKJAVÍK

VIKUBLAÐ

Reykjavík vikublað er dreift  
á öll heimili í Reykjavík í  
50 þúsundum eintökum.

